

## TÍU ÁR VERKSTJÓRI Í FRYSTIHÚSI

**F.V.:** Hvað tók við þegar þú varst hættur að gera út í bili, leist þér nokkuð á að halda áfram í útgerð á þessum árum og var nokkuð upp úr þessu að hafa?

**Aðalsteinn:** Á árunum fyrir og eftir 1950 var byggt nýtt hraðfrystihús á Eskifirði, og var ég ráðinn verkstjóri þar yfir sumartímann, en á vetrum varð ég að halda á vertíð til Suðurlands. Alls var ég 10 ár verkstjóri í frystihúsinu. Frystihúsið hafði alltaf lítið hráefni og var byggt af vanefnum og misheppnað, og gekk flest á afturfótunum þann tíma sem ég var þar verkstjóri. Ég var því ekki alls kostar ánægður í verkstjórastarfinu, og lék því hugur á að fara út í útgerð á nýjan leik. Ég gekk í fyrstu á eftir mönnum um að koma með mér, og einnig sótti ég um ýmis störf sem ég fékk ekki, en lítið gerðist, þar til á árinu 1955, að Kristinn bróðir minn sem var vörubílstjóri, ákvað að ganga til liðs við mig um kaup á nýjum bát, og seldi bílinn. Erfitt var að fá leyfi til bátakaupanna, en með góðra



Skuttogarinn Hólmatindur á siglingu af miðunum.

Kjartansson um rekstur bátsins. Rekstur þessa báts gekk með ágætum. Fyrsta árið var Þorsteinn Einarsson úr Garði með bátinn á vertíð í Sandgerði og á síldveiðum, en síðan var Böðvar Jónasson með bátinn á vertíðum frá Hornafirði, en Þorsteinn Gíslason, núverandi varafiskimálastjóri,

## HEPPNIR MEÐ SKIPSTJÓRA

**F.V.:** Svo rekstur Jóns Kjartanssonar h.f. hefur gengið vel frá upphafi?

**Aðalsteinn:** Já, það má víst segja það. Skipstjórar þeir er við höfðum voru úrvals menn, og t. d. varð þessi tiltölulega litli bátur með aflahæstu bátum á síldveiðum ár eftir ár undir stjórn Þorsteins Gíslasonar, sem reyndar var skipstjóri á skipum félagsins í fjöldamörgum árum, og meðeigandi að tveimur þeirra, og vertíðirnar gengu einnig með ágætum. Félagið færði því fljótt út kvíarnar, og í ársbyrjun 1960 eignaðist það nýtt 150 lesta stálskip, sem bar nafn móður okkar bræðra, og hét Guðrún Þorkelsdóttir. Skömmu síðar var svo Jón Kjartansson seldur, en í árslok 1963 kemur nýtt 270 smálesta skip sem bar það nafn, og 1967 kaupum við svo síðasta Jón Kjartansson, áður togarann Jörund, 491 smálesta að stærð. Nafni hins bátsins var þá breytt í Guðrún Þorkelsdóttir, en 150 tonna báturinn sem bar það nafn, var seldur þegar kaupin á togaranum voru ákveðin, en því skipi hafði reyndar verið breytt til nótaveiða. Guðrún Þorkelsdóttir var svo seld árið 1971, og heitir nú Sæberg, og er enn



Hraðfrystihúsið tók til starfa á ný eftir endurbyggingu árið 1974. Myndin var þá tekin af starfslíði og stjórnendum.

manna hjálp hafðist þetta allt saman og bátinn fengum við árið 1956, 64 tonna danskbyggðan eikarbát, sem við létum heita eftir föður okkar, og samtímis bátakaupunum stofnuðum við hlutafélagið Jón

var með bátinn á síld. Jafnframt útgerð bátsins starfræktum við síldarsöltunarstöðvar á Eskifirði og Vopnafirði, og að nokkru einnig á Ólafafirði, og á vertíðum verkuðum við afla bátsins í salt á Hornafirði.